

um, með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru **134** leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi ofanefndu brjefi stiptsyfir-27. ágúst valdanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skodun-argjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum frá lántökudegi að telja, með jöfnum afborgunum, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, bæjardyr, búr, eldhús og skemma, að sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaabyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um afgreiðslugjald af skipi.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að 27. júní þ. á. hafi komið til Akaraness beint frá útlöndum kúttar Nyanza frá Grímsby, sem kaupmaður Thor Jensen hafi keypt til fiskiveiða, og hafi skipstjórinn hvorki sýnt skipsskjöl nje greitt neitt afgreiðslugjald, þótt skipið væri með saltfarm; sömuleiðis hafi nefndur kaupmaður færzt undan því að greiða afgreiðslugjaldið af þeirri ástæðu að skipið hafi verið útbúið heimanað sem fiskiskip og ekki haft annað meðferðis en salt. Jafnframt þessu hafið þjer tekið það fram, að yður þætti nokkuð vafasamt, hvort skipstjórinn í þessu tilfelli hafi átt að sýna skipskjöl og greiða afgreiðslugjald, og því borið málið undir mig.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustustamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að enginn efi getur leikið á því að þau skip, er vöru flytja til landsins frá útlöndum, eiga að sýna skjöl sín og greiða afgreiðslugjald sem verzlunarskip, jafnt fyrir því þótt þau annars sje notuð til fiskiveiða, og kemur það auðvitað ekki til greina, hvort vara sú, er flutt er, er salt eða önnur vara. Ber yður því að heimta afgreiðslugjald af hinu umgetna skipi.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán uppá tekjur **136** 7. sept.

**136** Reynivallaprestakalls til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað íbúðarhús úr 7. sept. timri, 12 ál. langt og 10<sup>1</sup>/<sub>2</sub> al. breitt, með kjallara undir því öllu, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göflum, með pappa allt um kring undir járninu og með því fyrirkomulagi að öðru leyti, sem lýst er í fyrnefndu brjefi stiptyfirvaldanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðun-argjörð þar til útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 28 árum frá lántökudegi að telja með 100 kr. árlega auk vaxta, að húsið með eldavjel og ofni verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, göng, bæjardyr, búr, eldhús, skemma og skálahús, að sannað sje á fulltryggjandi hátt að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaabyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengið úr landssjóði.

**137** Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 8. sept. prestakalli. — Samkvæmt tillögu hinna heiðruðu stiptyfirvalda í þóknanlegu brjefi, dagsettu 24. f. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að presturinn að Prestsbakka í Strandaprófastsdæmi, prófastur síra Páll Ólafsson, taki alltað 1500 króna embættislán gegn tryggingu í tekjum prestakallsins, sumpart til þess að standast kostnað af byggingu þeirri, er presturinn hefir látið reisa á prestssetrinu, sem er 18 álna langt hús og 6 álna breitt, portbyggt með 2 alþiljudum gestaherbergjum, geymsluhúsi niðri, 8×6 al., og geymsluherberjum undir risi, 6 ál. löngum, sínu í hvorum enda og með torfvegg vestan og norðan, — og sumpart til þess að fullgjöra nefnd hús með því að seta á það járnþak og járnklæða austurvegginn. Þó er þetta lántökuleyfi þeim skilyrðum bundið að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 15 árum samfleytt, að telja frá því lánið er tekið, með <sup>1</sup>/<sub>15</sub> hluta lánsins á ári, auk vaxta, að aðgjörðin á húsinu verði vel og forsvaranlega af hendi leyst og því fylgi nauðsynlegir ofnar, að húsinu sje haldið váttryggt fyrir minnst 2000 króna, að húsið verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla skáli og dyraport, er áður hafa fylgt prestakallinu, og að prófasturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför eða fráfall hans í góðu og gildu standi, eða með fullu álangi.

Þetta er stiptyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.